

Nr. 21-094 S 061 Mars BA 74***Bilað stýri og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2136
Smíðaður: Mótun, 1991, trefjaplast.
Útgerð: Skak ehf.
Stærð: 10,18 bt.
Mesta lengd: 10,45 m *Skráð lengd:* 10,43 m
Breidd: 3,02 m *Dýpt:* 1,42 m
Vél: Perkins, 148,80 kW, 2003.
Fjöldi skipverja: 2



Mars©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. september 2021 var Mars BA 74 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SA 3-4 m/s.

Á veiðunum varð báturinn stýrislaus og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Vörður II dró hann til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að boltar sem festu stýrisblaðið við stýrisstamman losnuðu þannig að stýrisblaðið losnaði frá stammanum;
- að stýrisblaðið var flapsastýri og hékk á flapsanum en týndist ekki;
- að neyðarstýrið var ekki nothæft þar sem það fór ofan á stýrisstamman.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.